

Listmálarafélagið

Myndlist

Valtýr Pétursson


Fyrir rúmu ári var Listmálarafélagið stofnað. Yfir tuttugu þekktir listmálarar voru þar að verki, og það fer ekki milli mála að stofnun þessa félags var sannarlega tímabær. Það var sem sagt fyrst og fremst stofnað til varnar málverkinu sem slíku þar sem mikið var um árásir á myndina í rammanum, eins og ungur maður komst að orði í fjölmiðli nýlega. Uppákomur og alls konar útrúningur komu fram í nafni myndlistar, og þá varð það eðlilegt, að menn, sem vildu málverkið óskaddað, tækju til sinna ráða og gerðust virkari en ella. Undir þessu merki var fyrsta sýning félagsins haldin að Kjarvalsstöðum í fyrra, og vakti hún verðskuldaða eftirtekt. Málverkið er ekki gamalt í menningu Íslendinga sé miðað við aðrar þjóðir, og þess má minnast, að fyrsta einkasýning Íslendinga var fyrir áttatíu og þrem árum hér á landi. Það er því sannast mála hvergi tímabært að hefja niðurrif þessa unga litmiðils, sem hefur blómstrað meira en margt annað í þjóðlífi okkar. Það eru til að mynda ekki margar borgir í Evrópu af sömu stærð og Reykjavík, sem geta státað af öðru eins fjöri í myndlist og viðgengst í höfuðborg Íslands.

Nú hefur Listmálarafélagið eftt til sinnar annarar sýningar að Kjarvalsstöðum. Það eru 17 listamenn sem sýna að sinni, og eru verk þeirra rúmlega sextíu. Mest eru það olíumálverk, en samt má finna á þessari sýningu grafík, teikningar og vatnslitamyndir. Þessi sýning er nokkuð frábrugðin þeirri fyrri, og að mínum dómi er hún mun ferskari og hefur jafnvel meiri fjölbreytni að bjóða en sú fyrri. Þarna eru stílbrögð ýmiss konar, og hver syngur með sínu nefi, ef svo mætti segja, en samt er

heildin furðu samstæð. Það er rúmt um verkin, og þau fá að njóta sín. Allt eru þetta ný verk og því gott sýnishorn af því, sem er að gerast í málverkinu hér á landi. Flestir þeir listamenn er sýna eru fyrir löngu fastmótadír listamenn og eiga sér langan starfsaldur að baki, en þeir beita afar mismunandi aðferðum, og þarna er bæði að finna figúratíva myndlist og abstrakt og allt þar á milli.

Agúst F. Petersen er nýlega búinn að sýna verk sín í Listmunahúsinu, en kemur hér með myndir, sem ekki voru á þeirri sýningu. Hann er sjálfum sér líkur og stendur fyrir sínu. Björn Birnir kemur skemmtilega á óvart með stórar myndir og nokkuð breyttan myndgerðarmáta. Hann lætur mikið til sín

með það að fara. Erfitt að gera upp á milli verka hans. Þau eru traust og vel unnin. Einar Þorláksson sýnir bæði olíumálverk og teikningar. Olíumyndir hans finnast mér miklu meira sannfærandi en teikningarnar, sem eru of einfaldar í sniði fyrir minn smekk. Elías B. Halldórsson á þarna þrjú málverk, og eru þau bæði vel byggð og gefa hugmynd um hamfarir í náttúrunni, þrátt fyrir abstrakt stíl. Guðmunda Andrésdóttir er afar fersk og litsterk í myndum sínum. Persónulegur stíll hennar leynir sér ekki. Hafsteinn Austmann sýnir þrjú málverk, og eru þau öll afar tengd í formi og meðferð lita. Hafsteinn hefur vaxið sem málari á undanförunum árum og vitna þessar myndir þar um. Hrólfur Sigurðsson



Málverk eftir Jóhannes Jóhannesson.



Málverk eftir Hafstein Austmann.

taka. Bragi Ásgeirsson sýnir nokkur af grafíkblöðum sínum er hann sýndi nýlega á öðrum stað. Hann er allur í ástarleikum og fer sínar eigin leiðir. Einar Hákonarson sýnir stór og fyrirferðarmikil málverk. Mér finnst stærsta málverk hans bera af, bæði hvað uppbyggingu forms og litar snertir, og hefur honum sjaldan tekist betur. Einar G. Baldvinsson er sjálfum sér samkvæmur. Sjávarsíðan er viðfangsefnið, og hann kann vel

heldur sig við landslagið og nær föstum tókum á viðfangsefni sínu. Þessar myndir eru hnitmiðaðar og bera með sér mikla natni og vandvirkni. Jóhannes Geir á þarna gott samsafn málverka. Eitt þeirra finnst mér framar öllum hinum, „Áning í þoku“, sem er sérlega finlegt og viðkvæmt í lit og gefur vissu andrúmsloft úr óbyggðum á sannfærandi hátt. Jóhannes Jóhannesson er að vanda með tæra og sterka liti, sem eru mjög ein-



Málverk eftir Einar G. Baldvinsson.

kennandi fyrir hann, og „Á hvítum grunni“ er traust og vel gerð mynd. Kjartan Guðjónsson er persónulegur að vanda og teikning hans ber vott um sérgáfu, sem ekki mörgum er gefin. Kristján Davíðsson á þarna þrjú verk, öll mjög í ætt við hans venjulegu myndgerð, og litameðferðin svikur ekki. Sigurður Sigurðsson sýnir mjög eftirtektarverðar myndir, eitt besta framlag hans til sýningar sem ég man eftir. Þorvaldur Skúlason sýnir

tvö stór málverk, sem bæði eru af þeirri gerð, sem gert hafa veg hans hvað mestan. Valtýr Pétursson er einnig með í þessum félagsskap.

Vönduð sýningarskrá fylgir þessari sýningu. Þar er stutt grein um Þorvald Skúlason eftir Braga Ásgeirsson bæði á íslensku og ensku ásamt tveim málverkum litprentuðum eftir Þorvald. Og myndir eftir alla sýndendur í svart/hvítu eru þar einnig.

Það er auðvitað ekki viðeigandi, að einn af sýndendum skuli rita um slíka sýningu, en þannig verður það nú samt að vera og ég ætla að biðja forláts á því hér. En að lokum hvet ég fólk til að sjá þessa sýningu, sem er bæði vönduð og skemmtileg. Hún er einnig til sóma fyrir Listmálarafélagið, en auðvitað verða gerðar meiri kröfur til þessa félagskapar en annarra sýnenda á málverki. Hér eru engir viðvningar á ferð, og árangur þessa hóps verður að teljast mælikvarði á vissa hluti í menningu okkar, hjá því verður ekki komist.



ERTU Í TAKT VIÐ TÍMANN....?

TORGED
Austurstræti 10 Sími 27211

HERRARÍKI

Snorrabraut sími 13505 Glimsbæ sími 34350
Hamraborg sími 46200 Miðvangi sími 53300